

málshöfðuninni fyrir undirrétti, eða annari grein þeirra. Það verður því að sýkna ákærða að öllu leyti í máli þessu, og ber að greiða allan málskostnaðinn, bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málsvarnarlaun í héraði 8 kr. og málflytningu- og verjandi fyrir yfirdóminum, er ákveðast 15 kr. til hvors, af almannafé.

Rekstur málsins í héraði hefir verið nokkuð seinfara, en fyrir þeim drætti álizt undirdómarinn hafa gjört sennilega grein. Að öðru leyti hefir málsmeðferðin þar verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdómi hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Akærði Kristján Jón Guðjónsson á að vera sýkn af ákæru sækjandans í máli þessu. Málskostnaður allur, bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málsvarnarlaunin í héraði, 8 krónur, og málflytningu- og verjandi fyrir yfirdóminum, yfirréttarmálaflutningsmannanna Eggerts Claessens og Odds Gíslasonar, 15 krónur til hvors þeirra, greiðist af almannafé.

Nr. 8/1910:

Réttvísingegen
Steini Óla Jónssyni.

Dómur:

Með aukaréttardómi Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar,

uppkveðnum 10. janúarmán. þ. á., var hinn ákærði, Steinn Óli Jónsson, dæmdur samkvæmt 177. gr. sbr. 174. gr. hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869 til að sæta 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða allan sakarkostnaðinn í héraði, þar með talin málflutningslaun til verjanda hans fyrir aukaréttinum, 8 krónur. Þessum dómi hefir verið skotið til yfirréttarins eftir ósk hins ákærða.

Með eiginni játningu hins ákærða, sem í öllu verulegu kemur heim við aðrar skýrslur í málinu, er það sannað, að hann hafi 11. október f. á. framið saurlífnaðarathæfi við stúlkubarn, Hedvig Madsen, 7 ára að aldri, með þeim atvikum, að hann bauð barninu, sem var aðkomandi í húsi því, þar er hann bjó, að koma inn í herbergi eitt og gjörði hún það; tjáist hann hafa leikið um stund við barnið og hafi þá komið yfir sig sterk samræðisástríða; tók hann þá stúlkubarnið, setti hana á kné sér eða framan við sig, stakk getnaðarlim sínum að aftanverðu inn á bert hörund barnsins og strauk honum um það litla stund, án þess að ákærða þó losnaði sæði; slepti hann síðan barninu og lét hana fara út, og segir hann að hún hafi enga mótspyrnu gjört og eigi hljóðað, meðan hann átti við hana. Eigi sá neitt á barninu eftir meðferð ákærða á því, og ekkert mein virðist það hafa haft af henni.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir eigi hér á landi áður sætt ákæru eða hegningu fyrir neinn glæp. Framangreint afbrot hans heyrir undir 177. grein hegningarlaganna, og þykir refsingin fyrir það hæfilega ákveðin samkvæmt þessari grein, samanborinni við 174. gr. sömu laga, 3×5 daga fangelsi við vatn og brauð.

Með því að málskostnaðarákvæði aukaréttardómsins samþykkist, verður þannig að staðfesta hann með áminstri breytingu á refsingunni. Ákærði verður og að greiða allan áfryjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og hins skipaða verjanda við yfirdóminn, er ákveðst 12 kr. fyrir hvorn þeirra. Það vottast að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmat.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður, þó svo, að refsingin sé 3×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Ákærði Steinn Óli Jónsson greiði og allan áfryjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálfærslumannanna Eggerts Claessens og Odds Gíslasonar, 12 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 25. apríl.

Nr. 6/1910:

Jón Ólafsson

gegn

Ólafi Björnssyni, Hjörleifi Þórðarsyni
og Herbert Sigmundssyni.

D ó m u r:

Í desembermánuði árið sem leið höfðaði Ólafur